

# Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIX. árgangur.

1. hefti.

1988

---

Fimmtudaginn 7. janúar 1988.

Nr. 88/1987. **Sigurður Hallgrímsson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn.

**Agli Benediktssyni**

(Haraldur Blöndal hrl.)

**Jarðverki hf.**

(Gunnar Sólness hrl.)

**Slippstöðinni hf.**

(Gunnar Sólness hrl.)

**Samvinnuferðum - Landsýn hf.**

(Ólafur Axelsson hrl.)

**Sjóvátryggingarfélagi Íslands hf.**

(Hákon Árnason hrl.)

**og Hauki Guðmundssyni**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Uppboðsgerð úr gildi felld.

## Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Jóhannes L. L. Helgason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1987. Hann krefst þess að hið áfrýjaða uppboð verði felld úr gildi og synjað um framgang nauðungaruppboðsins. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu Jarðverks hf., Slippstöðvarinnar hf. og Egils Benediktssonar.

Stefndi Egill Benediktsson krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar.

Stefndu Jarðverk hf. og Slippstöðin hf. krefjast þess að hin áfrýj-

aða uppboðsgerð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Haukur Guðmundsson krefst þess, að dómkröfur áfrýjanda verði teknar til greina, en jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hans hendi.

Stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands hf. lét sækja þing við þingfestingu máls þessa og við fyrirtöku þess síðar nema við munnlegan flutning. Kom fram greinargerð frá lögmanni félagsins þar sem krafist er sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar.

Samvinnuferðir - Landsýn hf. létu einnig sækja þing, þegar málið var þingfest og síðan, er það var tekið fyrir, en þó ekki, þegar málflutningur fór fram. Félagið hefur ekki lagt fram kröfur eða greinargerð.

Hið áfrýjaða uppboð fór fram 7. mars sl. Bókað var að uppboðsbeiðendur væru Jarðverk hf., Slippstöðin hf., Haukur Guðmundsson, Samvinnuferðir - Landsýn hf. og „Sjóvá hf.“

Tvennar staðfestar dómsgerðir hafa verið lagðar fyrir Hæstarétt. Í annarri segir, að varnaraðili sé Stefán Jónsson, en í hinn Stefán Jónsson o.fl. Uppboðsbókin sjálf hefur ekki verið sýnd í Hæstarétti.

Áfrýjandi máls þessa keypti bifreiðina A 9200, sem síðar var seld á hinu áfrýjaða uppboði, af Stefáni Jónssyni 9. nóvember 1985, en tilkynning um söluina var afhent 2. maí 1986 að því er ætla verður. Bifreiðin var slegin stefnda Agli Benediktssyni á uppboðinu 7. mars.

Uppboðsheimild Jarðverks hf. var fjárnám 4. febrúar 1986, sem gert var vegna skuldar Stefáns Jónssonar eftir ábendingu manns, sem mætti í fógetarétti að tilhlutun fógeta. Áfrýjandi var ekki viðstaddur.

Uppboðsheimild Slippstöðvarinnar hf. var fjárnám 21. janúar 1986, sem einnig var vegna skulda Stefáns Jónssonar og framkvæmt með sama hætti og fyrr er lýst.

Uppboðsheimild Samvinnuferða - Landsýnar hf. var fjárnám 24. janúar 1986 vegna skulda Stefáns Jónssonar. Ekki var Stefán viðstaddur eða áfrýjandi, en fjárnám gert í A-9200 eftir ábendingu umboðsmanns gerðarbeiðanda.

Uppboðsheimild Sjóvátryggingarfélags Íslands hf. var fjárnám 13. júní 1985 vegna skulda Stefáns Jónssonar. Hvorki hann né

áfrýjandi voru viðstaddir, en fjárnám gert eftir ábendingu manns, sem var á staðnum.

Uppboðsheimild Hauks Guðmundssonar var fjárnám 18. mars 1986. Var bókað, að varnaraðilar væru bæði áfrýjandi og Stefán Jónsson, en lögmaður mætti fyrir áfrýjanda og var síðan bókað: „Samkv. kröfu uppboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis lýsir fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarpóla Bifreiðinni A-9200 Benz götusópari árg. 1971.“

Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi fengið tilkynningu frá uppboðshaldara um uppboð á grundvelli þess fjárnáms sem síðast var talið, en hann hafi ekki vitað um að til stæði að bjóða upp bifreið hans á grundvelli annarra uppboðsheimilda. Hafi hann samið við Hauk Guðmundsson fyrir uppboðsdag og því ekki sótt uppboðsþing. Það muni Haukur ekki heldur hafa gert. Í málinu liggja frammi í afritum bréf uppboðshaldara til Stefáns Jónssonar um uppboð að kröfu annarra stefndu en Hauks Guðmundssonar og Egils Benediktssonar.

Stefán Jónsson var talinn aðili uppboðsins í héraði, þó að ekki hafi hann komið fyrir uppboðshaldara og á þann hátt orðið aðili eftir 8. gr. laga nr. 57/1949. Stefáni var ekki stefnt fyrir Hæstarétt.

Hann sótti ekki uppboðsþingið 7. mars 1987 og ekki verður séð, að það geti orðið til að skerða hagsmuni hans, að tekin verði til greina krafa áfrýjanda um að uppboð þetta verði úr gildi felld, en af því hefur áfrýjandi brýna hagsmuni. Ber því að verða við kröfunni, þar sem ekki er í ljós leitt, að uppboðshaldari hafi tilkynnt áfrýjanda um uppboðsbeiðnir þær, sem til voru komnar vegna aðfarargerða til tryggingar skuldum Stefáns Jónssonar svo sem átti að vera eftir 6. gr. 3. mgr. laga nr. 57/1949. Er að þessari niðurstöðu fenginni ekki þörf á að fjalla um önnur rök, sem af hálfu áfrýjanda hafa verið færð fram til stuðnings kröfum hans hér fyrir dómi.

Um málskostnað er þessa að geta: Við flutning málsins var kröfu stefnda Hauks Guðmundssonar á hendur áfrýjanda ekki mótmælt. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða Hauki 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi hafði ástæðu til áfrýjunar og þykir eins og málið horfir við rétt að málskostnaður falli niður fyrir Hæstarétti að öðru leyti.

Áður er greint frá þeim dómsgerðum, sem liggja fyrir Hæstarétti. Er frágangur þeirra áæðisverður. Þá er það einnig áæðisvert, að uppboðshaldari tilkynnti ekki áfrýjanda um allar framkomnar uppboðsbeiðnir, þó að af skjölum, sem fyrir hann voru lögð, mætti ráða að áfrýjandi væri eigandi bifreiðarinnar, er selja átti.

#### D ó m s o r ð:

Hið áfrýjaða uppboð, sem fram fór 7. mars 1987 í uppboðsrétti Akureyrar, er felkt úr gildi.

Áfrýjandi greiði stefnda Hauki Guðmundssyni 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

#### **Uppboðsgerð uppboðsréttar Akureyrar 7. mars 1987.**

Rétturinn er nú fluttur á bifreiðastæði við Tryggvabraut. VI. Uppboðsmálið: Jarðverk hf., Slippstöðin hf., Haukur Guðmundsson, Samvinnuferðir - Landsýn hf., Sjóvá hf. gegn Stefáni Jónssyni.

Skjöl málsins liggja frammi.

Mættur er Gunnar Sólmes hrl. f.h. uppboðsbeiðenda.

Boðið er upp: Götusópur A-9200. Kaupandi er Egill Benediktsson. Kr. 185.000,00.